

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2159
komudagur 11.4.2008

Nefndasvið Alþingis – Umhverfisnefnd
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10.04.2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki, þingsjal nr. 617, 375. mál.

Samkvæmt frumvarpinu eiga rafmagnsöryggismál að flytjast frá Neytendastofu til nýrrar stofnunar Byggingarstofnunar. Allir starfsmenn Neytendastofu sem vinna að rafmagnsöryggismálum eru hlyntir þessum flutningi sem og allir hagsmunaaðilar á rafmagnssviði. Ein ástæða þessa er að með því flyttust starfsmenn Neytendastofu sem að rafmagnsöryggismálum vinna í „tækniúmhverfi“, en meginhluti starfsemi Neytendastofu og sá sem gera má ráð fyrir að vaxi á komandi árum, er á sviði neytendaverndar sem telst ekki til tæknilegra málefna.

Verulegur galli er þó á frumvarpinu, hvað rafmagnsöryggismál varðar, því samkvæmt því á að skipta málaflökknum upp þ.a. markaðseftirliti raffanga verði skipt milli tveggja stofnana, Byggingarstofnunar og Neytendastofu. Byggingarstofnun mun eiga að stunda markaðseftirlit með rafföngum ætluðum í byggingar og til nota í iðnaðar- og atvinnuskyni, en Neytendastofa markaðseftirlit með rafföngum ætluðum til heimilisnota, öðrum en þeim sem teljast til raffanga í byggingum – hvernig sem ætlunin er að skilgreina mun þar á. Neytendastofa mun þannig eiga að sinna markaðseftirliti með rafföngum sem teljast neytendavara, s.s. brauðristar, kaffivélar, sjónvörp o.þ.h. sem ætluð eru til heimilisnota, en markaðseftirlit raffanga verður að öðru leyti á hendi Byggingarstofnunar, s.s. markaðseftirlit með áður nefndum rafföngum, brauðristum, kaffivélum, sjónvörpum o.þ.h., sem ætluð eru til nota í atvinnuskyni, öllum rafföngum í byggingum og iðnaði o.s.frv. Sem dæmi má nefna að „sama“ raffangið gæti fallið undir eftirlit beggja stofnananna, sé það búið kló sinni Neytendastofa markaðseftirlitinu en annars Byggingarstofnun.

Með þessu fyrirkomulagi munu söluaðilar raffanga þurfa að sæta tvöföldu eftirliti, t.d. eftirliti Neytendastofu með borðlömpum annars vegar og eftirliti Byggingarstofnunar með vegg- og loftlömpum hins vegar. Ætla má að markaðseftirlit með rafföngum verði söluaðilum þeirra verulega meira íþyngjandi eftir breytinguna en fyrir, auk þess sem þetta fyrirkomulag kallar á kostnaðaraukningu og fjölgun starfa í stjórnáslunni, sem væntanlega gengur þvert á markmið laga um opinberar eftirlitsreglur, auk þess að vera vond stjórnásla.

Sama löggjöfin, byggð á Evróputilskipun, gildir um öryggi flestra raffanga, hvort sem um er að ræða rafföng fyrir neytendur eða til annarra nota. Sama gildir um aðra löggjöf er varðar rafföng og byggir einnig á Evróputilskipunum, s.s. um rafföng á sprengihættustöðum og um rafsegulsamhæfi. Umræddar Evróputilskipanir gera engan greinarmun á rafföngum fyrir neytendur og rafföngum til annarra nota, enda um að ræða rafmagnsöryggismál þar sem sömu grunnkröfur gilda.

Við flutning rafmagnsöryggismála mun öll þekking á rafmagnsöryggismálum og þ.m.t. á markaðseftirliti raffanga flytjast til Byggingarstofnunar og því verður engin þekking eftir á þessum málum hjá Neytendastofu.

Markaðseftirlit með rafföngum verður ekki stundað án sérfræðiþekkingar á rafmagnssviði og á rafmagnsöryggi - slík sérfræðiþekking er til staðar þar sem annað rafmagnseftirlit er stundað en þyrfti að vera til staðar á tveimur stöðum annars. Neytendastofa þyrfti að ráða rafmagnsmenntaðan mann í u.þ.b. hálfstöðugildi (á rafmagnsöryggissviði).

Að skilja markaðseftirlit með rafföngum, að hluta til, frá öðrum rafmagnsöryggismálum mun leiða til tvíverknaðar og óskilvirkara eftirlits, m.a. m.t.t. reglugerða- og staðlavinnu, gerðar kynningar- og fræðsluefnis, framkvæmdar átaksverkefna og annarra eftirlitsverkefna, eftirlits með rafföngum í notkun (gamalla) auk rannsókna á brunum, tjónum og slysum vegna rafmagns. Rafföng koma við sögu í nær öllum þáttum rafmagnsöryggis.

Það er faglega og kostnaðarlega óskynsamlegt að fela fleiri en einni stofnun að fara með rafmagnsöryggismál, málaflokk sem undanfarin ár hefur verið sinnt af 5 starfsmönnum. Ljóst má vera að fagleg og þekkingarleg samlegð tapist með slíkri skiptingu.

Þó slíkt sé ekki uppi í umræddum frumvarpsdrögum má benda á mögulega hagræðingu í eftirliti við flutning markaðseftirlits raffanga til umhverfisráðuneytisins, en það ráðuneyti hefur forræði yfir löggjöf er varðar efnainnihald í rafeinda- og rafmagnstækjum, svokallaðri RoHS tilskipun (Restriction of the use of certain Hazardous Substances). Um er að ræða löggjöf er varðar umhverfisvernd sem án efa mun hljóta enn meira vægi á komandi árum. Markaðseftirlit með öryggi raffanga, rafsegulsamhæfi og efnainnihaldi (RoHS) gæti farið mjög vel saman.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru ekki lagðar til aðrar breytingar á skipan eða framkvæmd eftirlits með rafmagnsöryggi en fyrrgreind tvískipting markaðseftirlits með rafföngum. Markmiðin með hugsanlegum breytingum á fyrirkomulagi sem reynst hefur vel hljóta að eiga að vera einfaldari og skilvirkari stjórnsýsla sem byggir á hagkvæmum lausnum til að tryggja sem best „arðsemi“ hennar. Ljóst er að tillaga um tvískiptingu markaðseftirlits með rafföngum gengur þvert gegn þessum markmiðum. Sterk rök hníga að því að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að fela einni stofnun, Byggingarstofnun, umsjón alls málaflokksins – þetta var einmitt niðurstaða óháðs aðila, ParX, viðskiptaráðgjafar IBM, sem viðskiptaráðuneytið fól árið 2006 að gera úttekt á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála m.t.t. mögulegs hlutverks nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar.

Eins og komið hefur fram verður markaðseftirlit með rafföngum ekki stundað nema með sérþekkingu á rafmagnsöryggi og rafsegulsamhæfi. Hið sama gildir um aðra „tæknilega“ vöruflokka sem eru í umsjá stofnana þar sem sérhæfð tækniþekking er til staðar, má þar nefna vélbúnað í umsjá Vinnueftirlitsins, fjarskiptabúnað í umsjá Póst- og fjarskiptastofnunar, gasbúnað í umsjá Vinnueftirlitsins, lækningartækja í umsjá landlæknisembættisins, skemmtibáta í umsjá Siglingastofnunar, þrýstibúnað í umsjá Vinnueftirlitsins, lyftur í umsjá Vinnueftirlitsins (er ætlað að flytjast til Byggingarstofnunar) og byggingarvörur sem ætlunin er að Byggingarstofnun hafi umsjón með.


Í þessu sambandi er mikilvægt að blanda hlutverki Neytendastofu við markaðseftirlit með neytendavöru sem ekki gilda um sérlög eða –reglur og við samræmingu markaðseftirlits með neytendavörum, ekki saman við markaðseftirlit með sérhæfðum, tæknilegum vöruflokkum sem um gilda sérlög og/eða –reglur og teljast hvort sem er ekki nema að takmörkuðu leyti til neytendavöru. Eftirlit sem stundað er án tæknilegrar sérfræðiþekkingar á viðkomandi málaflokkum verður aldrei annað en sýndareftirlit.

Núverandi skipan rafmagnsöryggismála er góð, sem dæmi má nefna að Samtök atvinnulífsins hafa bent á hana sem skynsamlegt fyrirkomulag til eftirlits með atvinnustarfsemi. Sátt hefur ríkt um þessa skipan milli flestra ef ekki allra hagsmunaaðila, s.s. Samtaka atvinnulífsins, Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Félags raftækjaheildsala og Samorku. Það er afar mikilvægt að allir hagsmunaaðilar geti treyst því að áfram verði byggt á sama grunni.


Brýnt er að rafmagnsöryggi í landinu líði ekki fyrir vandræði í fjármögnun alls óskyldra verkefna, s.s. markaðseftirlits Neytendastofu með neytendavöru sem ekki gilda um sérlög eða -reglur, en skv. frumvarpinu eru uppi hugmyndir um að gjald sem innheimt er vegna eftirlits með rafföngum verði allt eftir hjá Neytendastofu, jafnvel þó verulegur hluti verkefnisins eigi að hverfa frá stofnuninni og að markaðseftirlit stofnunarinnar með (neytenda)rafföngum muni varla kosta nema brot af þeim fjármunum sem um er að ræða. Slíkt er ekki í takt við góða stjórnsýsluhætti eða mat á kostnaði sbr. lög um opinberar eftirlitsreglur.

Undirritaðir leggja til að frumvarpinu verði breytt á þann hátt að rafmagnsöryggismál í heild sinni, þ.m.t. öryggi og markaðseftirlit raffanga, verði flutt til Byggingarstofnunar enda málaflókkurinn ein samofin kerfisheild. Með því yrði rafmagnsöryggi í landinu betur tryggt, þess gætt að íþyngja ekki söluaðilum að óþörfu, kostnaður hins opinpera ekki aukinn að óþörfu og ekki yrði gengið gegn markmiðum um einfalda og skilvirka stjórnsýslu.

Virðingarfyllst,



Jóhann Ólafsson



Birgir Ágústsson.

Jóhann Ólafsson er sviðsstjóri öryggissviðs Neytendastofu. Hann hefur starfað að rafmagnsöryggismálum í tæp 20 ár, hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, Löggildingarstofu og Neytendastofu, þ.a. sem deildar/sviðsstjóri allra rafmagnsöryggismála s.l. 11 ár. Birgir Ágústsson er sérfræðingur á öryggissviði Neytendastofu. Hann hefur starfað að rafmagnsöryggismálum í tæp 10 ár, hjá Löggildingarstofu og Neytendastofu. Allan þann tíma hefur hann verið sérfræðingur varðandi öryggi og markaðseftirlit raffanga, auk þess að sinna öðrum rafmagnsöryggismálum.